

GMR Endurvinnslan ehf
Tangavegi 7,
301 Akranes

Reykjavík 23. september 2015
UST201502-138/E.D.K.
08.14.02

Álagning dagsektta og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 2. júlí 2015 þar sem áformað var að leggja dagsektir, að upphæð kr. 50.000 á dag, á GMR Endurvinnsluna ehf. vegna fráviks frá starfsleyfi. Þá er einnig vísað í bréf, dags. 28. ágúst 2015 þar sem gerðar voru athugasemdir við innkoma áætlun rekstraraðila um úrbætur og álagningu dagsektta var frestað til 11. september 2015 til að gefa rekstraraðila tækifæri til að fullvinna úrbótaáætlun sína.

Frávikið sem um ræðir varðar ófullnægjandi afsog og rykhreinsun í verksmiðju rekstraraðila á Grundartanga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Frávikið varðar gr. 2.4 í starfsleyfi og kom fram við reglubundið eftirlit þann 5. nóvember 2014.

Umhverfisstofnun hafa ekki borist viðbrögð frá rekstraraðila, við bréfi dags. 28. ágúst sl., þar sem álagningu dagsektta var frestað.


Umhverfisstofnun leggur dagsektir á GMR Endurvinnsluna ehf. að upphæð kr. 50.000 á dag vegna fráviks er varðar ófullnægjandi afsog og rykhreinsun í verksmiðju rekstraraðila á Grundartanga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dagsektirnar leggjast á frá og með 28. september 2015 og þar til staðfesting á fullnægjandi úrbótum hefur borist stofnuninni.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákværðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur